



Morgunblaðið/Eybór

Englafoss eftir Guðbjörgu Lind Jónsdóttur í kór Hallgrímskirkju.

Englafoss

MYNDLIST

Hallgrímskirkja

Guðbjörg Lind Jónsdóttir

Sýningin er aðgengileg á opnunartíma kirkjunnar. Henni lýkur 26. júlí.

GUÐBJÖRG Lind er listmálari sem leitar í landslagshefðina. Verk hennar eru einföld í forminu, í raun formlaus svo langt sem það nær í landslagsmálverki. Eyjur skapa hrynjanda á myndfletinum og árfarvegir og fossar skipta fletinum upp án þess að verða geometrískar myndbyggingar. Nálgun Guðbjargar svipar til rómantíkur á 19. öld og litaflemismálverka 20. aldarinnar sem eru í grunninn trúarlegs eðlis, byggjast á ægifygurð (sublime), þ.e. þegar maður er tekin(n) af guðdómlegri upplifun sem er í senn ógnvekjandi og himnesk. Er því vel við hæfi hjá Guðbjörgu að sýna í Hallgrímskirkju. Er sýning hennar þar tvískipt. Annars vegar málverk í anddyrinu og hins vegar altaristafla í kór kirkjunnar, „Engilfoss“ sem var áður sýnd í San Domingos de Bonaval kirkjunni í Santiago de Compostela á Spáni árið 2002. Verkin í anddyrinu eru glæný en mótífin þau sömu og áður. Helst má sjá breytingar á fossunum sem hafa í sér mun meiri hreyfingu eða fall en ég hef séð áður hjá Guðbjörgu. Til viðmiðunar buna fossarnir fimm í kórnum niður í til-

tölulega beinum línnum.

Verk Guðbjargar virka jafnan tæmandi. Þ.e. frá daglegu kvabbi í hugarró. Er það mikill kostur fyrir messuhald að söfnuðurinn sitji ekki áreittur af umhverfinu heldur að umhverfið beini honum innvortis og stuðli að ótruflaðri hlustun. Orð og umhverfi spila þá saman. Sýningin ber það reyndar með sér að hafa verið hugsuð fyrir annað rými til að byrja með og kann það að trufla einhverja. Þ. á m. mig. Mér þykir t.d. skritið að sjá fríhangandi málverk á striga. Bakhliðin verður þá óþarfur partur af verkinu þar sem hún er að öllu ónýtt, jafnvel þótt maður sjái hana ekki með berum augum, þá skapast rými frá bakhlið að vegg sem maður er óhjákvæmilega meðvitaður um þegar maður horfir á verkið. Í slíku tilfelli virkaði betur hjá Guðbjörgu að mála á plexi eins og hún sýndi í Listasafni ASÍ fyrir 3 árum, þar sem frístandandi málverk af fossi náði miklum fínleika og gegnsæi í miðju rýminu. Myndirnar eru engu að síður fallegar í kórnum. Hafa yfir sér fínlegt yfirbragð. Titill verksins afar sætur í þessu samhengi. Lóðrétt sprænan vísar til himins og jarðar og vatnið symbolískt, tákn lífs, endurfæðingar, tærleika svo eitthvað sé nefnt og notað við ýmsa ritúala s.s. skírn í kristninni.

Jón B.K. Ransu